7. fundur Mýdeildar 15. maí í menningarhúsinu Bergi, Dalvík.

Mættar: Anna, Ásdís, Björg S, Bryndís, Dagný, Dóróþea, Erna Rós, Guðný Sigríður, Hrafnhildur, Ingileif, Jenný, Jóhanna Dögg, Katrín Fjóla, Kristín Írene, Magnea, Ólöf, Sigríður, Sigrún Birna, Þuríður, og Sigrún Helga og Gunnhildur sem rita fundargerð.

Vornefndina skipa: Kristín Írene, Jónína (fjarverandi) Magnea, Ólöf og Sigrún Helga
Magnea bauð gesti velkomna
Dagskrá:
Magnea varaformaður býður konur velkomnar og býður Kristínu Írenu formanni að kveikja á kertum. Því næst tók Magnea aftur við orðinu og kynnti dagskrá kvöldsins.

Fyrst á dagskrá var erindi frá Myriam Dalsten ferðaþjónustubónda á Skeiði í Svarfaðardal og sagði okkur frá hennar starfi. Hún getur tekið á móti 6-14 manns í mat og gistingu á Skeiði. Hún kom til Ísland fyrir um 24 árum frá Þýskalandi, hún hafði komið fyrst til Ísland 1996 sem ferðamaður en fluttist hingað 4 árum seinna. Hún hafði verið í námi í Alpalöndunum og ferðast mikið. Hún hafði áhuga á að mennta sig sem ferðaþjónustubóndi en það var ekki í boði hér á landi þá. Hún talar um að henni finnst hafa verið mikil stéttaskipting í þessum geira, karlarni hafi verð að gera það „skemmtilega“ s.s. að leiðsegja en konurnar séð um skrifstofustörfin, en þetta sé smá saman að breytast. Hún talar um að henni finnist karlar og kvenfólkið nái ekki alveg að tala saman, það þarf meiri virðingu þarna á milli, þannig að allir nái að nýta hæfileika sína. Hún talar einnig um að við þurfum að vera duglegri að kenna börnum okkar samkennd, hún er ánægð með þetta frjálsræði sem börn hafa hér á landi en talar um að börn séu of agalaus. Myriam sagði okkur að lokum frá hvernig alvarlegt slys sem varð fyrir ofan bæinn hennar fyrir u.þ.b. tveimur árum breytti lífi hennar. Fjallaskíðamaður sem var gestur hjá henni lét lífið í snjóflóði sem fór af stað. Þessi lífsreynsla varð til þess að hugafar hennar gagnvart útivist breyttist, nú segist hún bera meiri virðingu fyrir náttúrunni og að hún sé varkárari í umgengni við hana.
Næst á dagskrá var að næra sig. Boðið var upp á hlaðborð: súpa, bökur, salat og brauð í boði deildarinnar.
Stjórnarskipti voru næst á dagskrá. Kristin Írena formaður og Sigrún Helga ritari fóru úr stjórn. Í þeirra stað komu Magnea sem verður formaður og Gunnhildur sem tók

við ritarastarfinu. Kristínu og Sigrúnu voru þökkuð vel unnin störf og fengu þær rauðar rósir sem þakklætisvott. Stjórnina skipa nú Magnea sem formaður, Jóhanna Dögg varaformaður, Gunnhildur ritari, Ólöf gjaldkeri og Jónína meðstjórnandi.

Ólöf bað um orðið, sagði frá því að farið yrði yfir skýrslu stjórnar í haust. Ólöf lagði til hækkun á gjöldum úr 14.000 í 15.000 þúsund, samþykktu allir tillöguna.
Ingileif kemur með ábendingu um að áður en félagsgjöldin verði rukkuð verði dagsetningar funda næsta vetrar birt, Ingileif nefnir að það sé hægt að biðja um leyfi ef dagsetningarnar henta ekki. Vel var tekið í þessa hugmynd og stjórnin tók að sér að skoða þetta
Anna spyr út í hvernig formið er með ef einhver hefur áhuga á að kynna sér félagsskapinn. Bjóða má konum með okkur á fundi og leggja til að þær verði samþykktar inn í félagsskapinn eftir að þær hafa sótt nokkra fundi hjá okkur.
Næst steig á stokk Kvennakórinn Salka sem flutti nokkur lög fyrir okkur með miklum glæsibrag. Þá var komið að því að konur gætu keypt sér kaffi og kökur.
Að lokum var Kristín Írena með orð til umhugsunar. Hún rifjaði upp með okkur þema vetrarins sem var konur og innflytjendur. Hún sagði okkur síðan frá tveimur konum sem báðar heimsóttu Ísland upp úr miðri 19 öld og upp úr aldarmótunum. Báðar frumkvöðlar á sínu sviði sem fengur ekki þá athygli sem skildi. Þetta voru ólíkar konur sem komu á ólíkum forsendum til Íslands. Þær skrifuðu báðar reisubækur eftir heimsókn sína. Ida Pfeiffer og Ina von Grumbkow hétu þessar konur. Ida kom til Íslands árið 1843 og ferðaðist víða, hún var t.d. fyrsta konan til að klífa Heklu. Henni líkaði ekki við íslendinga og bar þeim ekki vel söguna, lýsti þeim sem sóðalegum og heimóttalegum. Ina kom til Íslands á örum forsendum en Ida, hún hafði misst unnusta sinn hér á landi, hann hvarf við rannsóknir á Öskjuvatni árið 1907 og kom hún til landsins til að sjá og kynnast þeim stað sem hann eyddi síðustu dögum sínum. Hvorug þeirra talaði íslensku en þær tölu báðar dönsku og ensku sem þær nýttu sér í samskiptum við heimamenn. Ferðabækur þeirra voru ólíkar og fengu þær ekki sanngjarna umræðu um bækurnar á sínum tíma. Þær voru frumkvöðlar í að fylgja draumum sínum þrátt fyrir átölur frá samferðafólki. Þættir kvenna í veraldarsögunni hafa oft fallið í skugga annarra frægra landkönnuð sem voru karlmenn. Kristín endaði mál sitt á að rifja upp orð frá síðasta fundi þar sem talað var um að forðast að trú aðeins einni sögu, við þurfum alltaf að kynna okkur fleiri en eina hliða á málum til að skilja fólk til hlítar.

Fundarslit – Kristín Írena slítur fundi og slekkur á kertunum í síðasta sinn sem formaður og þakkar fyrir fundinn.

Gunnhildur Birnisdóttir ritari.